

MINNISBLAÐ

Til: Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga
Frá: Umhverfisstofnun
Dagsetning: 04.02.2020
Efni: **Leiðbeiningar um útreikning á skólpmagni í þéttbýli**

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp gerir kröfu um samantekt gagna um förgun skólps (gr. 28). Heilbrigðisnefndir skulu senda Umhverfisstofnun upplýsingar um stöðu fráveitumála og Umhverfisstofnun tekur efnið saman í sameiginlega stöðuskýrslu fyrir landið allt. Meðal þess sem á að koma fram í skýrslunni er skólpmagn frá íbúabyggð og iðnaði. Markmið reglugerðar um fráveitur og skólp er að vernda almenning og umhverfi gegn mengun af völdum skólps. Losun á skólpi frá þéttbýli er punktmengun og samlegðaráhrif skólpmagns getur haft áhrif á viðtaka.

Í fyrri gagnaskilum til Umhverfisstofnunar hafa tölur um skólpmagn verið ýmist með eða án iðnaðar en mikilvægt er að aðferðir við gagnaöflun og gagnaskil verði samræmdar fyrir landið allt. Því eru settar fram hér í minnisblaðinu leiðbeiningar um hvernig það skuli gert í samræmi við 52. gr. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Útreikningar á fjölda persónueininga frá þéttbýli eru mikilvægt skref í því að setja fram skýrar kröfur fyrir fráveitu, hreinsun fráveituvatns og þar af leiðandi að uppfylla kröfur reglugerða og gagnaskil.

Í þéttbýlum þar sem skólp fer í gegnum eitt og sama fráveitukerfið er hægt að gera mælingar á magni þess. Að öðrum kosti þarf að reikna skólpmagn út eða áætla. Slíkir útreikningar eru góð nálgun á skólpmagn en alltaf að einhverju leyti háðir mati og aðferðir við slíkt geta verið mismunandi. Umhverfisstofnun hefur því látið gera útreikniskjal fyrir persónueiningar sem ætlað er til að auðvelda og samræma aðferðir við útreikninga á fjölda persónueininga og verður hægt að nálgast það á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins og Umhverfisstofnunar Evrópu leggur Umhverfisstofnun fram eftirfarandi leiðbeiningar um hvað á að telja til skólpmagns í þéttbýli.

Eftirfarandi uppsprettur skólps skal telja með í útreikningum á skólpmagni í þéttbýli:

- Allt skólp frá íbúum og fólki sem ekki býr á staðnum og mögulegar árstíðabundnar breytingar.
- Allt skólp (húsaskólp og iðnaðarskólp) innan þéttbýlis **sem losar í fráveitu** sveitarfélags.
- Allt skólp (húsaskólp og iðnaðarskólp) innan þéttbýlis **sem ekki er tengt fráveitukerfi** en ætti að vera það, t.d. sumarbústaðir, gistiheimili, einstök ótengd hús.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að iðnaður skv. III. viðauka í reglugerð nr. 798/1999 sem hefur eigin útrás og fráveitukerfi skal **ekki telja með** í skólpmagni þéttbýlis **nema þar sem viðtaki hefur verið skilgreindur sem viðkvæmur**.

Samkvæmt 25. gr. reglugerðarinnar skal heilbrigðisnefnd tilkynna Umhverfisstofnun um fyrirtæki sem losa meira en 4.000 pe. af skólpi sem ekki er veitt í fráveitu fyrir þéttbýli (fyrirtæki í III. viðauka). Ef ekki er ljóst hversu mikið magn af skólpi fyrirtæki er að losa, er það verkefni starfsleyfisveitanda (Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefndar) að bæta úr og setja kröfur um slíkar mælingar í starfsleyfi fyrirtækja.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að nú er unnið að innleiðingu vatnatilskipunar en skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar eða ef fráveitur uppfylla ekki kröfur laga og reglugerða þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.